Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 12. október 2020
2020090012
2.6.0

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

***Styrkir til íþróttafélaga vegna Covid-19***

Á fundi borgarráðs 10. september 2020 var samþykkt að veita 80.0 mkr. til að styrkja íþrótta- og æskulýðsfélög vegna mótspyrnu vegna Covid-19 og veita 55.0 mkr. til að mæta viðhaldskostnaði íþrótta- og æskulýðsfélaga.
ÍTR og ÍBR var falið að útfæra tillögur vegna styrkja til einstakra félaga.

Hjálagt fylgja tillögur ÍTR og ÍBR vegna málsins.
Málið hefur verið kynnt fyrir stjórn ÍBR og menningar-, íþrótta- og tómstundaráði.

Við útreikning styrkja vegna reksturs félaga var verkefnum skipt í þrjá flokka.
**A flokkur**
Styrkur vegna reksturs mannvirkja sem félög eiga sjálf auk styrkja vegna þjónustu.

**B flokkur**
Styrkur vegna afreksliða í fótbolta, handbolta og körfubolta.

**C flokkur**
Styrkur vegna fjölda deilda hjá félagi með barna- og unglingastarf fyrir 18 ára og yngri og a.m.k. 20 iðkendur.

Sérgreinafélög sem eiga mannvirki fá aðeins styrk í tveimur flokkum.
Sérgreinafélög sem ekki eiga mannvirki fá aðeins styrk í einum flokki.
Félög þurfa að hafa skilað ársreikningi 2019.

Viðhaldsstyrkir eru byggðir á innsendum gögnum og upplýsingum frá félögum.

Ómar Einarsson

Ómar Einarsson

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000